

REGLUGERÐ

um merkingu og lýsingu hindrana til verndar loftförum á flugi.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Reglugerð þessi setur lágmarkskröfur um merkingu og lýsingu hindrana utan áhrifasvæða flugvalla, til verndar loftförum á flugi. Reglugerðin gildir um eigendur mannvirkja, hluta eða annars sem jafna má til hindrana, svo og um skipulagsyfirlönd og framkvæmdaaðila og miðar að því að skýra kröfur til merkinga og lýsinga, þ.m.t. um sýnileika, gerð, viðhald og eftirlit með merkingum og kröfur um öryggismat.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er skilgreining eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a. *Áhrifasvæði flugvallar*: Loftrými innan hindranaflata flugvallar.
- b. *Dagsbirta*: Tímabilið frá sólaruppkomu til sólarlags, (reiknast þegar sólararmiðjan er 6 gráður fyrir neðan sjóndeildarhring).
- c. *Endamastur*: Mastur sem heldur uppi streng og markar annan enda hans.
- d. *EASA*: Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins (*European Aviation Safety Agency*).
- e. *Flugkort*: Landakort sem sniðið er að þörfum flugleiðsögu og sýnir mannvirki og mishæðir á jörðu.
- f. *Haf*: Lengd milli mastra.
- g. *Hindranaflötur*: Flötur sem skilgreinir mörk þess sem hindranir mega ná inn í loftrýmið. Hindranaflétir eru skilgreindir í skipulagsreglum flugvallar, hafi slíkar verið settar. Leita skal til rekstraraðila flugvalla fyrir upplýsingar um hindranafléti.
- h. *Hindranalýsing*: Hindranalýsing, eitt eða fleiri, sem bæta sýnileika mannvirkja eða hindrana.
- i. *Hindrun*: Allir fastir, hvort heldur til bráðabirgða eða frambúðar, eða hreyfanlegir hlutir, eða hlutar þeirra sem:
 - a. eru staðsettir á svæði ætluðu til hreyfinga loftfara á jörðu niðri, eða
 - b. ná hærra en skilgreindur flötur sem er ætlað að vera hindrunarlaus til verndar loftförum á flugi, eða
 - c. eru utan þessara skilgreindu flata og teljast skapa hættu fyrir flugumferð.
- j. *Hæð hafs loftlínu*: Lóðrétt fjarlægð milli jarðar eða annars yfirborðs og loftlínu, þar sem hún er lægst.
- k. *Hæð punkthlutar*: Lóðrétt fjarlægð milli punkthlutar og jarðar eða annars yfirborðs.
- l. *Hæð vindmyllu*: Lóðrétt fjarlægð frá jörðu (eða meðalgildis sjávarborðs fyrir hverfla staðsetta á sjó) og á enda vindmylluspaða í hæstu stöðu.
- m. *Loftlína*: Vir eða álíka efni milli tveggja mastra.
- n. *Marki*: Sýnilegur hlutur, sem gefur til kynna hindrun eða sýnir mörk hennar, t.d. með áberandi lit á loftlínu eða vírstagi.

- o. *Mastur*: Burðarvirki loftlínu.
- p. *Milliljós*: Hindranaljós, staðsett annars staðar en efst á hindrun.
- q. *Nótt*: Tíminn á milli loka ljósaskipta að kvöldi og að upphafi ljósaskipta að morgni. Ljósaskipti enda að kvöldi þegar miðpunktur sólar er 6° fyrir neðan sjóndeildarhring og hefjast að morgni þegar miðpunktur sólar er 6° fyrir neðan sjóndeildarhring. (Sjá skilgreiningu á nótt og töflu um sólarupprás/sólsetur í Flugmálahandbók AIP-Ísland, köflum ENR 1.2.3. og GEN 2.7).
- r. *Punkthlutur*: Mannvirki með litið ummál miðað við hæð s.s. mastur, turn, reykháfur, loftnet eða brúarstólpi.
- s. *RAL litakerfi*: Staðlað litakerfi, þar sem RAL-númer tilgreinir sérhvern lit kerfisins.
- t. *Strengur*: Allar gerðir af snúrum, vírum og þráðum, þ.m.t. raflínur, brautir og snúrleiðir sem strengdar eru milli mastra.
- u. *Sýnileiki merkingar*: Merkingin sést í dagsbirtu í a.m.k. tiltekinni fjarlægð án hjálpartækis s.s. sjónauka, myndavélar eða þess háttar, að frátöldum lyfseðilsskyldum gleraugum eða snertilinum sem leiðréttu skerta sjón.
- v. *Tímabundin hindrun*: Hver sú hindrun sem reist er innan sex mánaða frá tilkynningu hennar til Samgöngustofu og því ekki þekkt á flugkortum.
- w. *Vindmylla*: Vindorkuver sem samanstendur af turni, vindmylluspöðum og vélarhúsi þeirra.
- x. *Vindmyllugarður*: Safn tveggja eða fleiri vindmylla í þyrpingu þar sem fjarlægð á milli þeirra er ekki meiri en 900 metrar.
- y. *Vindorkuver*: Orkuver sem umbreytir vindi í rafmagn.

3. gr.

Kröfur um tilkynningu mannvirkja, hluta eða annars sem jafna má við hindrun.

Eigandi mannvirkis, hlutar eða annars sem jafna má við hindrun, hér eftir kallað hindrun, skal tryggja að kröfur reglugerðar þessarar séu uppfylltar.

Eigandi, sveitarfélög, skipulags- og byggingaryfirvöld, eftir því sem við á, skulu skv. 186. gr. laga um loftferðir, nr. 80/2022, tilkynna Samgöngustofu og veitanda upplýsingaþjónustu flugmála með rafrænum hætti um hindrun sem er 50 metra há eða hærri og ætlað er að standi varanlega eða tímabundið, í því skyni að upplýsingar séu birtar í Flugmálahandbók og/eða á flugkortum.

Tilkynning skal innihalda upplýsingar um hindrunina, eðli hennar eða tilgang, staðsetningu, hæð og breidd. Eigandi hindrunar skal tryggja að gæði mæligagna séu í samræmi við kröfur reglugerðar (ESB) 2017/373 sem innleidd er með reglugerð nr. 720/2019.

Skili eigandi hindrunar ekki fullnægjandi gögnum um hindrun er Samgöngustofu eða veitanda upplýsingaþjónustu flugmála heimilt að láta framkvæma mælingu hindrunar. Eigandi skal bera kostnað af mælingu.

Ef ágreiningur er um hvort mannvirki skuli teljast hindrun sker Samgöngustofa úr um þann ágreining.

Veitandi rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu skal tilkynna Samgöngustofu um hvers konar truflanir, merki, ljós eða annað sem getur skapað hættu fyrir flugumferð.

4. gr.

Almennar kröfur um lýsingu og merkingu hindrana.

Hindrun 60 m og hærri skal litamerkja samkvæmt 5. gr.

Hindrun 100 m og hærri skal auk litamerkingar vera með hindranaljós samkvæmt 7. gr.

Samgöngustofu er heimilt að falla frá kröfu um merkingu og lýsingu hindrana sem eru í skjóli af eða mjög nærri hærri merktum hindrunum eða föstum hlutum. Slíkt skal í öllum tilvikum háð öryggisrökum sem eigandi hindrunar leggur fram og Samgöngustofa metur fullnægjandi.

Fyrir frekari leiðbeiningar um lýsingu og merkingu hindrana vísast til Q kafla leiðbeiningarefnis EASA við reglugerð (ESB) 139/2014 sem innleidd er með reglugerð nr. 75/2016, hér eftir nefndur Kafla-Q. Leiðbeiningarefnið hefur að geyma viðeigandi og tækar leiðir til að fullnægja þeim kröfum sem er lýst í reglugerð þessari eða er þeim til frekari uppfyllingar. Fylgja skal þessu leiðbeiningarefni til að uppfylla kröfur reglugerðarinnar, nema til komi a.m.k. jafngildar aðferðir sem skerða ekki flugöryggi að mati Samgöngustofu. Aðrar aðferðir verða ekki samþykktar nema sýnt sé fram á með fullnægjandi hætti að flugöryggi skerðist ekki. Því til staðfestingar skal leggja fram sérfræðiálit sem Samgöngustofa metur viðunandi.

5. gr.

Almennar kröfur um litamerkingar.

Litamerkingar skulu sjást í dagsbirtu í að minnsta kosti 1.500 m fjarlægð, sbr. t-lið 2. gr.

Litamerkingar skulu vera rauðar eða gular, eða vera samsetning af rauðum og hvítum flötum, eða gulum og hvítum flötum. Litir skulu vera í samræmi við ákvæði í Kafla-Q leiðbeiningarefnis EASA við reglugerð (ESB) nr. 139/2014 um flugvelli.

Litamerkingar ættu að vera gerðar með málningu, plastfilmu, plötum eða öðru viðeigandi efni. Allar litamerkingar, að undanskildum litamerkingum vindmyllna, skulu vera með endurskini.

Hindranir með yfirborð, sem hefur lengd og breidd sem nema 4,5 m eða meira í láréttum fleti, skulu merktar með ferhyrndu mynstri. Fletirnir skulu vera rétthyrndir með hliðum að minnsta kosti 1,5 m breiðum og að hámarki 3 m löngum. Hornin verða að vera rauð eða gul.

Hindranir með yfirborð sem eru undir 4,5 m lárétt, auk hluta með hrjúfu yfirborði, skulu merktar með láréttum beltum (breiðum línunum). Beltin skulu sett yfir hæsta hluta hindrunarinnar og skal breidd þeirra vera með eftirfarandi hætti:

- a. Sé hindrun frá 60 m há og til og með 200 m há: 6 m;
- b. Sé hindrun yfir 200 m há: 10 m.

Pegar endamastur er merkt skal nota masturshæð yfir jörðu til að reikna út litabeltisbreidd, sbr. 3. mgr. Þó má breyta beltisbreiddinni til samræmis uppbyggingu mastursins, ef slík aðlögun dregur ekki úr sýnileika.

6. gr.

Almennar kröfur um hindranaljós.

Hindranaljós skulu vera af lág-, meðal- eða hástyrksgerð A, B, eða C, sbr. Kafla-Q leiðbeiningarefnis EASA við reglugerð (ESB) nr. 139/2014 sem innleidd er með reglugerð nr. 75/2016.

Hindranaljós skulu vera staðsett efst á hindrun og vera sýnileg úr öllum áttum. Þau skulu sýna hæsta punkt að undanskildum eldingavara eða sveigjanlegu loftneti, sem mega að hámarki ná 5 m upp fyrir hindrunina.

Hindrun hærr en 150 m skal búin milliljósúsum. Milliljós skulu staðsett þannig að lóðrétt fjarlægð milli hindranaljósa sé að hámarki 75 m.

Ljós skulu vera jafnt dreifð um hindrunina þannig að þau séu sýnileg úr öllum áttum.

Í samræmi við stærð (þvermál) hindrunar skal fjöldi hindranaljósa vera eftirfarandi:

- a. eitt hindranaljós þegar hindrun er undir 0,5 m að þvermáli,
- b. þrjú hindranaljós þegar hindrunin er frá og með 0,5 m og allt að 6 m að þvermáli,
- c. fjögur hindranaljós þegar hindrunin er frá 6 m og allt að 30 m að þvermáli eða ef hindrunin er ferhyrnd eða rétthyrnd,
- d. sex hindranaljós þegar hindrunin er frá 30 m og allt að 60 m að þvermáli og
- e. átta hindranaljós þegar hindrunin er meira en 60 m að þvermáli.

Síur sem notaðar eru til að gefa rautt ljós skulu vera gegnlitaðar.

Há- og meðalstyrks hindranaljós af gerð A skulu:

- a. vera kveikt allan sólarhringinn, eða
- b. vera búin sjálfvirkniakerfi, samþykktu af Samgöngustofu eða öðrum flugmálayfirvöldum innan EASA og með stýringu skv. 8. gr. Hindranaljós af miðstyrksgerð A sem deyfð eru niður í 2.000 cd yfir nótt skulu vera rauð eða hvít.

Hindranaljós af miðstyrksgerð B og C og hindranaljós af lágstyrk skulu:

- a. vera kveikt allan sólarhringinn; eða
- b. vera búin sjálfvirkniakerfi, samþykktu af Samgöngustofu eða öðrum flugmálayfirvöldum innan EES, skv. 8. gr. sem kveikir á ljósunum þegar bakgrunnsljósstyrkur er minni en 500 cd á fermetra, eða
- c. kvikna í síðasta lagi þegar aðkomandi loftfar er í 1.500 m fjarlægð frá hindruninni.

Hindranaljós með díóðuljósum (LED) skulu vera búin ljósi sem sýnilegt er mannsauga, en einnig geislaljósi af bylgjulengd sem gerir hindrun sýnilega fyrir flugmenn með nætursjónbúnað þ.e. skynja innrauða geislun (IR).

Hindranaljós skulu vera virk að minnsta kosti 95% af tímanum, reiknað sem meðaltal á ársgrundvelli.

7. gr.

Sértækar kröfur um lýsingu og merkingu hindrunar.

1. Punkthlutar og byggingar.

Ef hindrun er ferhyrnd eða rétthyrnd skal ljósum komið fyrir á hornum eða hliðum hindrunarinnar.

Eldháfa og samsvarandi skal merkja með því að lýsa efsta hluta þeirra upp frá jörðu þegar eldur logar ekki.

Punkthlutar sem er frá 100 til 150 m hár skal vera með hindranaljós af miðstyrksgerð C efst á hindrun og lágstyrksljós neðar (milliljós) af gerð B, skv. 6. gr. Lóðrétt fjarlægð milli ljósanna skal ekki vera meiri en 75 m.

Punkthlutir sem eru 150 m háir eða hærri skulu vera með hindranaljós af hástyrksgerð B og hindranaljós neðar (milliljós) af lágstyrksgerð B, skv. 6. gr.

Hindranaljós á strompum (s.s. reykháfum) sem geta orsakað tæringu eða húðun á ljósbúnaðinum, má setja allt að 3 m undir efsta punkt.

2. Loftlínur og möstur.

Endamöstur og loftlínur á milli þeirra mynda hindrun.

Ef loftlína á milli tveggja mastra nær 60 m eða meira frá yfirborði skal merkja möstrin með litamerkingum óháð hæð mastra.

Loftlínur, 100 m háar og hærri frá yfirborði, skulu merktar með mörkum á loftlínu.

Fyrir loftlínur 150 m og hærri skal merkja endamastur sitt hvoru megin við hindrun með miðstyrksljósum af gerð B, skv. 6. gr.

Samsíða loftlínur eru taldar sem ein hindrun ef mesta lárétta fjarlægðin milli tveggja loftlína er 90 m eða minni. Ef fjarlægðin er meiri en 90 m skulu loftlínurnar vera merktar sem tvær sjálfstæðar hindranir.

Fyrir loftlínur með tveimur eða fleiri möstrum skulu ystu möstur merkt, en þó þannig að ekki sé meira en 90 m á milli hverrar merkingar.

Hæð loftlínu, sem flytur rafmagn, skal mæld eða reiknuð fyrir spennulausa línu. Ef loftlínan er yfir sjó skal miðað við meðalsjávarhæð. Fari loftlína yfir vatn með stjórnaðri yfirborðshæð (s.s. uppistöðulón), skal miða mælingar eða útreikninga við lægstu leyfðu yfirborðshæð vatnsins.

Hindranaljós á línumöstrum geta verið staðsett allt að 10 m lóðrétt og 10 m lárétt frá hæsta punkti, en skulu staðsett þannig að þau séu sýnileg úr öllum áttum.

3. Línurmarkar og samsvarandi á loftlínunum.

Markar skulu vera a.m.k. 0,8 m í þvermál. Fjarlægð milli marka skal ekki vera meiri en 90 m, mælt eftir loftlínunni. Marka með þvermál að lágmarki 0,6 m í þvermál má nota ef fjarlægðin milli markanna er ekki meiri en 70 m. Markar skulu vera í endurskinslitum, sbr. 5. gr.

Fyrir samsíða loftlínur í mismunandi hæð skal festa marka á hæstu línuna.

Mörkum á loftlínunum má skipta á nokkrar samsíða línur, en bil á milli þeirra skal ekki fara yfir hámarksfjarlægð, sbr. 1. mgr. Marka má einnig festa við hliðina á eða yfir loftlínu.

4. Vindmyllur og vindmyllugarðar.

Vindmyllur skulu merktar með ljósum lit, svo sem gráum, gráhvítum eða öðrum tónum af hvítum lit. Dæmi um slíkan lit er ljósgrár, RAL 7035. Snjóhvítan lit skal ekki nota. Krafan um lit gildir ekki um neðsta þriðjung turns vindmyllu.

Vindmylla 100 m á hæð og hærri skal hafa tvö hindranaljós staðsett efst á vélarhúsi.

Fyrir vindmyllugarða, þrjár vindmyllur eða fleiri, getur Samgöngustofa heimilað að einungis vindmyllur sem staðsettar eru á jaðrinum séu ljósmerktar, að því gefnu að fjarlægðin milli þeirra sé ekki meiri en 900 m. Samgöngustofa getur krafist þess að vindmyllur í miðju vindmyllugarðsins eða sú vindmylla sem stendur hæst séu einnig merktar. Hindranaljós í vindmyllugörðum skulu blikka í takt.

Vindmylla sem er hærri en 100 m en lægri en 150 m skal vera með hindranaljós af miðstyrksgerð B eða C, skv. 6. gr. Ekki er gerð krafa um milliljós.

Vindmylla hærri en 150 m skal vera með hindranaljós af hástyrksgerð B, skv. 6. gr. Ekki er gerð krafa um milliljós.

5. Brúarmannvirki.

Brúarmannvirki 60 m há og hærri skulu merkt litamerkingum og hindranaljósum, skv. 6. og 7. gr.

Samgöngustofa getur heimilað að önnur lýsing geti komið í stað hindranalýsingar, svo sem almenn götulýsing eða að brúin sé vel upplýst.

6. Stög, vírar, festibúnaður og fleira.

Stög, vírar og önnur akkeri við hindranir skulu vera merkt með litamerkingum og hindranaljósum af lágstyrksgerð B, skv. 6. gr., ef lárétt fjarlægð þeirra er meiri en 90 m frá hindrun.

Litamerkingar og hindranaljós skal setja á ystu hluta hindrunar, þannig að ekki séu meira en 90 m í láréttu plani eða 75 m í lóðréttu plani milli merkinga eða hindranaljósa.

7. Jarðfastur loftbelgur eða samsvarandi.

Jarðfestur loftbelgur sem nær frá 100 m til 150 m frá yfirborði skal vera með hindranaljós af millistyrksgerð B, skv. 6. gr.

Jarðfastur loftbelgur sem nær herra en 150 m frá yfirborði skal vera með hindranaljós af millistyrksgerð A, skv. 6. gr.

Akkerisstag loftbelgs sem nær herra en 100 m frá yfirborði skal merkt með veifum að degi til. Lóðrétt fjarlægð milli veifanna má ekki vera meiri en 45 m, reiknuð frá botni belgsins. Veifur skulu vera að minnsta kosti þriggja metra langar og í endurskinslitum, skv. 5. gr.

Að nóttu til skal akkerisstag loftbelgs sem nær herra en 100 m lýst með þörum af rauðum og hvítum hindranaljósum með mest 45 m millibili. Fjarlægðin milli hvíta og rauða ljóssins í parinu skal vera þrír metrar að hámarki, með hvítu ljósin ofar. Öll ljósin skulu vera að minnsta kosti hindranaljós af lágstyrksgerð A, skv. 6. gr. og skulu vera sýnileg úr öllum áttum.

8. gr.

Kröfur um sjálfvirkibúnað hindranaljósa.

Samgöngustofa getur samþykkt sjálfvirkan stjórnubúnað hindranaljósa. Samþykki stofnunarinnar skal liggja fyrir áður en rekstur slíks búnaðar hefst og skal háð eftirfarandi kröfum:

- a. að búnaður geti greint loftfar þannig að kvikni á hindranaljósum þegar loftfar nálgast í a.m.k. 1.500 metra fjarlægð frá hindrun;
- b. að hindranaljósakerfi geti greint loftfar frá 100 fetum yfir jörðu til 2.000 feta yfir hæstu hindrun til allra átta;
- c. að hindranaljósinn logi svo lengi sem loftfar er í minni en 1.500 metra fjarlægð frá hindrun. Samgöngustofa getur einnig samþykkt að ljósin logi stöðugt, þegar bakgrunnsljómi er minni en 500 cd á fermetra, sé slík heimild fyrir hendi af hálfu viðkomandi sveitarfélags;

- d. að eigandi hindrunar hafi sýnt fram á með skjalfestum öryggisrökum að búnaðurinn hafi ekki óásættanleg áhrif á flug og flugleiðsögubúnað;
- e. að búnaðurinn búi yfir sjálfvirkni varðandi bilanaástandsstjórnun sem tryggir að nothæf hindranaljós kvikni sjálfkrafa strax við bilun og haldist virk meðan á bilun stendur;
- f. að afrit heimildar sveitarfélagsins fyrir tiltekna stýringu liggi fyrir og hafi verið afhent Samgöngustofu.

Eigandi hindrunar skal leggja fram gögn sem sýna hvernig ofangreindar kröfur eru uppfylltar, eigi síðar en þremur mánuðum áður en fyrirætlað er að taka búnaðinn í notkun.

Ef Samgöngustofa telur þörf á, skal eigandi tryggja framkvæmd prófflugs búnaðar, að og frá hindrun, á sinn kostnað.

9. gr.

Eftirlit og viðhald með hindranamerkingum, hindranaljósum og loftlínukerfum.

Eigandi hindrunar skal tryggja reglulegt eftirlit og viðhald á merkingum og lýsingu sem uppfylla kröfur reglugerðarinnar. Verkferli og áætlanir ásamt skráum um eftirlit og viðhald hindranamerkinga og hindranaljósa skulu vera til staðar hjá eiganda hindrunar eða hindrana og getur Samgöngustofa farið fram á að sjá þau gögn fyrirvaralaust.

Hindranamerkingum skal viðhaldið þannig að þær uppfylli ávallt ákvæði reglugerðar þessarar.

Bilun á hindranaljósum skal tilkynnt án tafar til veitanda upplýsingaþjónustu flugmála með tölvupósti á netfang sem birt er í Flugmálahandbók Íslands AIP-Ísland, kafla GEN 3.1.

Ávallt skal tilkynna:

- a. um hvaða hindrun er að ræða, með vísun í birtingu í Flugmálahandbók eða flugkort,
- b. lýsing á bilun, t.d. hvort engin ljós séu virk eða hvort lýsing sé takmörkuð,
- c. um hvenær lagfæringu verður lokið, og
- d. aðrar þær upplýsingar sem mikilvægar geta talist.

10. gr.

Undanþágur frá kröfum um merkingar og lýsingu hindrunar.

Samgöngustofa getur samþykkt undanþágur frá kröfum reglugerðar þessarar um merkingar og lýsingu hindrana, þar á meðal frá kröfum um heildarútfærslu merkinga á hindrunum eða á einstökum hlutum þeirra, komi umsókn um slíkt frá eiganda hindrunar og veiting undanþágunnar sé að mati Samgöngustofu ekki ógn við flugöryggi.

Umsókn eiganda hindrunar um undanþágu skal innihalda upplýsingar um hvaða kröfu eða kröfum óskað er undanþágu frá, ásamt lýsingu á því hvernig undanþágan muni ekki ógna flugöryggi. Öryggismat skal lagt fram sem sýnir fram á þá niðurstöðu. Samgöngustofa getur krafist prófunarflugs á kostnað eigandans til að sannreyna framlögð gögn.

Samgöngustofa getur sett nánari skilyrði fyrir veitingu undanþágu.

Veiting undanþágu skal að jafnaði vera tímabundin, en heimilt er að framlengja hana um lengri tíma sé það að mati Samgöngustofu talið forsvaranlegt með tilliti til flugöryggis.

Samgöngustofa veitir að jafnaði ekki undanþágu, megi telja, að um veruleg frávik sé að ræða frá kröfum reglugerðar þessarar.

Undanþága verður einungis veitt ef eftirfarandi þættir eru tryggðir:

- a. að litamerkingar séu sjáanlegar í dagsbirtu úr a.m.k. 1.500 m fjarlægð úr öllum áttum,
- b. að ekki sé um að ræða óásættanleg neikvæð áhrif á flugöryggi, þar með talið að truflun verði ekki á fjarskipta-, leiðsögu- eða kögunarbúnaði loftfara og
- c. að sjálfvirknibúnaður hindranaljósa tryggi bilanaástandsstjórnun í samræmi við e-lið 1. mgr. 8. gr.

Samgöngustofa getur, að fengnu öryggismati frá eiganda hindrunar, heimilað að hindrun allt að 150 m há sé undanþegin kröfu um litamerkingu og hindranalýsingu eða heimilað aðrar útfærslur en tilgreindar eru í reglugerð þessari.

Samgöngustofa getur skilgreint ákveðin svæði, fjarri flugvöllum, þar sem merkingarskylda hindrunar miðast við allt að 150 m hæð frá jörðu. Slik svæði skulu sérmerkt á flugkort.

Samgöngustofu er heimilt, að gerðu öryggismati, að krefjast frekari merkinga og lýsinga umfram þær lágmarkskröfur sem mælt er fyrir um í reglugerð þessari.

11. gr.

Gjaldtaka.

Samgöngustofa skal annast innheimtu gjalds vegna afgreiðslu undanþága, sbr. 10. gr., og skráningu hindrana í samræmi við umfang verkefnisins, samkvæmt tímagjaldi í auglýstri gjaldskrá stofnunarinnar og óháð því hvort undanþága sé veitt eða beiðni hafnað. Allur kostnaður vegna umsókna skal borinn af umsækjanda, þ. á m. kostnaður við prófunarflug, ef slíkt flug er talið nauðsynlegt.

12. gr.

Kvaðir og nauðsynlegar úrbætur í þágu flugöryggis.

Samgöngustofu er heimilt að krefjast þess að hindranir sem vegna hæðar eða annarra eiginleika teljast hættulegar flugumferð séu fjarlægðar eða merktar í samræmi við 150. gr. laga um loftferðir, nr. 80/2022.

13. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 152. gr. laga um loftferðir, nr. 80/2022, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 18. ágúst 2026.

Eyjólfur Ármannsson.

Ingilín Kristmannsdóttir.